Nr. 821 22. september 2009

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Grandabrú 2/Gauksmýri 1, Sveitarfélaginu Álftanesi.**

Skv. skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness þann 11. desember 2008 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Grandabrú 2/Gauksmýri 1. Breytingin felur m.a. í sér stækkun á niðurgröfnum bílakjallara og breytta gólf- og hæðarkóta. Innkeyrsla að bílakjallara er færð og verður frá Gauksmýri. Aðalaðkoma íbúa er um sameiginlegt stigahús við Gauksmýri en aðalaðkoma þjónustumiðstöðvar verður frá Grandabrú. Móttaka sorps fyrir þjónustumiðstöð verður við enda Gauksmýrar.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Álftanesi, 22. september 2009.*

**Bjarni S. Einarsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2009